

AUGLÝSING**um staðfestingu á skipulagsuppdrætti af Súðavíkurkaupþúni,
Súðavíkurhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 9. september 1974 staðfest skipulagsuppdrátt af Súðavíkurkaupþúni, Súðavíkurhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Súðavíkurhrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 9. september 1974.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Guðmundur Karl Jónsson.

9. september 1974.

Nr. 277.

AUGLÝSING**um breyting á samþykkt um afgreiðslutíma verslana á Akureyri
nr. 11 6. jan. 1966 sbr. auglýsingu nr. 314/1973.**

1. gr.

3. mgr. 2. gr. orðist svo:

Á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum skal sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 18.00 og á föstudögum eigi síðar en kl. 19.00, enda beri þessa daga ekki upp á helgi- eða frídaga sbr. 4. gr.

Samþykktarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, öðlast þegar gildi, þó með þeim takmörkunum, sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926 setja og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. september 1974.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Guðmundur Karl Jónsson.

9. september 1974.

Nr. 278.

REGLUGERÐ**um dragnótaveiðar.**

1. gr.

Við veiðar með dragnót í íslenskrí fiskveiðilandhelgi, er alls óheimilt að nota hlera og hvað eina, sem komið gæti í þeirra stað til útpenslu vængjanna.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, sett nánari reglur um gerð og stærð dragnóta á hverju veiðisvæði.

2. gr.

Lágmarksmöskvastærð dragnóta skal vera slík, að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika 135 mm breið og 2 mm þykk auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.

Óheimilt er að klæða nótina með nokkrum hætti.

3. gr.

Um meðferð afla um borð í fiskiskipi gilda ákvæði V. kafla reglugerðar nr. 55 20. mars 1970 um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl.

4. gr.

Um lágmarksstærðir fisks, sem flytja má að landi, gilda ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 104 16. maí 1974 um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu og um lágmarksstærðir fisktegunda.

5. gr.

Með mál, sem rís út af brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar svo og skilyrðum, sem sett kunna að verða í leyfisbréf til dragnótaveiða, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot refsingu samkvæmt 12. gr. laga nr. 102 27. desember 1973.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi fyrirmæli nr. 50 4. júní 1964 um dragnótaveiðar.

Bráðabirgðaákvæði.

Drátt fyrir ákvæði 2. gr. reglugerðar þessarar, er heimilt til 1. desember 1975 að nota þau dragnótanet, sem til eru eða ráðstafanir hafa verið gerðar til að afla fyrir gildistöku hennar, enda séu þau gerð samkvæmt þeim reglum, sem giltu fyrir gildistöku reglugerðarinnar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. september 1974.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

S A M Þ Y K K T

um stjórn Dalvíkurkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Dalvíkur er skipuð 7 bæjarfulltrúum, kjörnum skv. lögum nr. 5/1962.